



Alþýðusamband Íslands

Reykjavík 9. febrúar 2011

Ályktun miðstjórnar um kjaradeilu starfsmanna í fiskimjölsverksmiðjum

Starfsmenn í fiskimjölsbræðslum hafa samþykkt að boða til verkfalls eftir að upp úr viðræðum slitnaði við atvinnurekendur um síðustu helgi .

Aðdragandi málsins er margra ára deila starfsmanna við Samtök atvinnulífsins um sjálfstætt gildi sérkjarasamnings þeirra sem endaði fyrir Félagsdómi í síðustu viku. Þrátt fyrir að boðun fyrra verkfalls hafi verið dæmt ólöglegt, staðfesti Félagsdómur þann rétt starfsmanna að krefjast sérkjarasamnings um sín störf.

Í viðræðum stéttarfélaganna um síðustu helgi voru í ljósi þessarar niðurstöðu lagðar fram breyttar hugmyndir um lausn sem er í samræmi við þær megináherslur sem lagðar hafa verið fram um breytingar á aðalkjarasamningi. Þrátt fyrir það voru atvinnurekendur ekki reiðubúnir til þess að setjast að samningaborði.

Miðstjórn ASÍ hefur því fullan skilning á fyrirhuguðum aðgerðum til þess að þvinga atvinnurekendur til að koma að raunverulegum viðræðum um lausn kjaramála. Jafnframt hvetur miðstjórn ASÍ önnur félög og félagsmenn þeirra til þess að standa vörð um rétt þessara félaga okkar til þess að beita verkfallsvopninu og ganga ekki í störf þeirra. Alþýðusambandið mun einnig beita tengslum sínum við systursamtök okkar í Færeyjum, Skotlandi og Noregi til þess að koma í veg fyrir löndun þar.